

PRÓF Í VERÐBRÉFAVIÐSKIPTUM

II. HLUTI

Þjóðhagfræði

Prófnúmer próftaka:

Námsgrein til prófs: Þjóðhagfræði

Prófdagur: 26. janúar 2013

Kl.: 9:00-13:00

Úrlausnartími: 4 klst.

Prófblöð: 4 (þ.m.t. forsíða)

Leyfileg hjálpargögn: Engin hjálpargögn leyfileg

Fylgiblöð:

Leiðbeiningar: Lestu spurningarnar vel áður en þú svarar og farðu vandlega yfir úrlausnir áður en þú skilar þeim inn. Ekki er ætlast til að próftakar láti kalla til umsjónarmann prófs, en gera má ráð fyrir að hann komi tvisvar á prófstað, á fyrstu og síðustu klukkustund próftíma. Með prófstað er átt við auglýstan prófstað verðbréfavíðskiptaprófs.

Ef prófið fer fram í tölvuveri er úrlausnum skilað á rafrænu formi.

Ef prófi er skilað í Excel forriti skal sýna alla útreikninga og lita þá Excel-reiti sem innihalda svör gula.

SÝNA BER SKILRÍKI VIÐ UPPHAF PRÓFS.

ÖLL PRÓFBLÖÐ OG ALLAR PRÓFARKIR SKAL SKILMERKILEGA AUÐKENNA MEÐ PRÓFNÚMERI.

Í LOK PRÓFS SKAL PRÓFBLAÐI OG LAUSUM PRÓFÖRKUM SKILAÐ.

VANDAÐU FRÁGANG.

GANGI ÞÉR VEL.

Hluti A (36%)

Svarið eftirfarandi sex spurningum sem hver gildir sex stig.

1. Lýsið með almennum orðum áhrifum verðbólgu í efnahagslífinu á verðgildi peninga og kaupmátt launa.
2. Lýsið með orðum og myndlíkaninu sem kallað er framleiðsluþarinn (e. production possibilities frontier). Hvaða ályktanir má draga af því um samsetningar af vörum og þjónustu sem hægt er að framleiða og hægt er að neyta?
3. Fall hlutabréfavísitölu í kauphöll veldur því að fólk finnur til auðsáhrifa sem birtast í að því finnst það almennt hafa minna milli handanna en áður. Lýsið áhrifum slíks falls á einkaneyslu á mynd þar sem birtast heildarframboðsferilinn (HF, e. AS) og heildareftirspurnarferilinn (HE, e. AD).
4. Lýsið stuttlega hugtakinu ruðningsáhrif í efnahagslífinu (e. crowding-out effect) og skýrið hvað átt er við í þessu sambandi, t.d. með vísan til vaxta, fjárfestingar og reksturs hins opinbera.
5. Skýrið hvað átt er við með hugtakinu raungengi gjaldmiðils.
6. Gerum ráð fyrir að gengið á bandaríkjadal hafi verið 1,50 sterlingspund síðastliðinn þriðjudag en í gær föstudag var gengið 0,75 bandaríkjadalir á hvert pund. Hvað hefur gerst með gengi sterlingspundsins gagnvart dalnum? Rökstyðjið svarið.

Hluti B (22%)

7. (10%) Setjið fram og skýrið grundvallarjöfnu þjóðhagsreikninga og útskýrið merkingu allra stærða sem koma fyrir í henni.

8. (6%) Skilgreinið og skýrið hugtakið þjóðhagslegur sparnaður.

9. (6%) Skýrið hvað átt er við með hugtakinu viðskiptajöfnuður (e. current account balance). Hverjir eru helstu liðir viðskiptajafnaðar? Hver eru áhrif af langvinnum halla á viðskiptajöfnuði á efnahagslífið?

Hluti C (42%)

Vandið frágang á svörum og notið viðeigandi línurit þar sem það á við.

10. (10%) Á landinu bláa er atvinnuleysi mikið og verðbólga lág. Stjórnvöld ákveða að bregðast við þessum aðstæðum með því að lækka tekjuskatt til muna.

Hvaða áhrif hefur þessi aðgerð á efnahag landsins? Sýnið upphaflega stöðu og áhrif aðgerða með því að teikna á línuriti haglíkan sem sýnir heildareftirspurn og heildarframboð. Ræðið áhrif af aðgerðinni til skamms tíma og til langs tíma.

Athugið að heildareftirspurn er oft táknuð með HE (e. AD) og heildarframboð með HF (e. AS).

11. (12%) Skýrið hvað átt er við með hugtakinu verðbólga. Skýrið út hvernig hún er mæld. Ritið stutta greinargerð um hvaða hlutverki vísitala neysluverðs gegnir fyrir verðbréfamarkaðinn hér á landi.

12. (10%) Því hefir verið haldið fram að hækki vextir á innlendum markaði umfram það sem almennt gerist í viðskiptalöndunum megi búast við að gengi gjaldmiðils landsins styrkist. Hver er afstaða ykkar til þessarar fullyrðingar? Rökstyðjið svar ykkar ítarlega.

13. (10%) Gerum ráð fyrir að markaður fyrir tiltekinn gjaldmiðil sé virkur en ekki höft eins og nú tíðkast hér á landi, almenn hagskilyrði í eðlilegu horfi og gengi myntarinnar ráðist af framboði og eftirspurn á innlendum gjaldeyrismarkaði. Almenn er búist við að seðlabanki landsins muni fljótlega tilkynna lækkun eigin vaxta í viðskiptum við bankana.

Hvað teljið þið líklegt að gerist á innlendum gjaldeyrismarkaði í ljósi þessara væntinga? Notið mynd af hlutaðeigandi markaði til að rökstyðja svarið.